

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2024

Tilvísun: 202404098 / 2.5

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi

Við er tölvupóstur nefnda- og greiningarsviðs Alþingis til Skipulagsstofnunar, dags. 24. apríl sl., þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um lagareldi, sbr. 930. mál.

### Ítrekuð ábending sem kom fram í umsögn í samráðsgáttinni og varðar ákvæði III til bráðabirgða

Skipulagsstofnun gaf umsögn um drög að frumvarpi til laga um lagareldi sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda fyrr í vetur, sbr. mál nr. S-253/2023.<sup>1</sup> Eftir samanburð á drögunum og fyrirbyggjandi frumvarpi kemur í ljós að matvælaráðuneytið hefur tekið tillit til flestra ábendinga og athugasemda Skipulagsstofnunar, sem komu fram í ofangreindri umsögn, með breytingum á einstökum frumvarpsgreinum og frekari skýringum í greinargerð frumvarpsins.

Skipulagsstofnun vill ítreka eina ábendingu sem ekki verður séð að hafi verið tekin afstaða til í frumvarpinu eða greinargerð þess og varðar ákvæði III til bráðabirgða. Ábendingin er svohljóðandi:

Í greininni segir að ef aðeins einn rekstrarleyfishafi er með starfsemi á tilteknu smitvarnarsvæði eftir gildistöku laganna þá sé honum heimilt að sækja um hækkun á leyfilegum lífmassa skv. 32. gr. frumvarpsins. Í 32. gr. frumvarpsins er fjallað um úthlutun aukins burðarþols leiði endurskoðun Hafrannsóknastofnunar á burðarþolsmati til hækunar á burðarþolsmati vatnshlots.

Ekki er ljóst hvort ákvæðið taki einnig til þess lífmassa sem er úthlutað miðað við fyrirbyggjandi burðarþolsmat. Í janúar sl. var samantlagt burðarþol þeirra fjarða sem metnir hafa verið 144.500 tonn en leyfilegur lífmassi skv. rekstrarleyfum 103.300 tonn. Að mati Skipulagsstofnunar er mikilvægt að skýrt verði kveðið á um hvernig fara skuli með þann lífmassa sem ekki hefur þegar verið úthlutað miðað við fyrirbyggjandi burðarþolsmat.

Það er ekki loka fyrir það skotið að tekið verði á þessu í reglugerð sem sett verður, samþykki Alþingi frumvarpið. Ef svo er, er æskilegt að það verði upplýst í nefndarátliti atvinnuveganefndar.

### Skil á gögnum og upplýsingum samkvæmt 121. gr. frumvarpsins

#### Aðgangur að miðlægu gagnakerfi

Í greininni er kveðið á um miðlægt gagnakerfi sem Hafrannsóknastofnun, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Fiskistofa og önnur þau stjórnvöld og stofnanir, sem rekstrarleyfishafa er skylt að skila gögnum til lögum samkvæmt, hafa aðgang að.

<sup>1</sup> <https://samradapi.island.is/api/Documents/6cdf4e44-bdb3-ee11-9bc0-005056bcce7e>

Skipulagsstofnun leggur til að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verði bætt við upptalninguna. Í kjölfar úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála í lok árs 2022, þar sem ákveðinni réttaróvissu var eytt, hefur HMS lýst því yfir opinberlega að sjókvíar séu mannvirki í skilningi mannvirkjalaga nr. 160/2010 og því háðar byggingarleyfi. Frá og með 15. febrúar 2024 er gerð krafa um byggingarleyfi vegna nýrra byggingarleyfisskyldra sjókvía sem rekstraraðilar hyggjast setja niður utan netlaga.<sup>2</sup>

#### *Landupplýsingagátt um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum*

Skipulagsstofnun vekur athygli á ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2018 um skipulag á haf- og strandsvæðum þess efnis að leyfisveitendur skuli senda stofnuninni upplýsingar um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum og birtir stofnunin upplýsingar um leyfin í landupplýsingagátt á vef Skipulagsstofnunar. Í kjölfar staðfestingar á strandsvæðisskipulagi Austfjarða og Vestfjarða er umrædd gátt í undirbúningi og hefur Skipulagsstofnun bent leyfisveitendum á ofangreinda skyldu um að senda upplýsingar um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum til stofnunarinnar.

Með hliðsjón af ofangreindu lagaákvæði er ljóst að það er ákveðin skörun á milli þess og ákvæðis 121. gr. frumvarpsins. Helsti munurinn á ákvæðunum er þó að miðlægt gagnakerfi Matvælastofnunar tekur ekki aðeins til útgefna leyfa, eins og ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 88/2018 gerir ráð fyrir, heldur einnig til umsókna um leyfin og gagna vegna umsóknanna. Jafnframt tekur sú leyfisveitingargátt, sem Skipulagsstofnun ber að halda úti, til allra leyfa á haf- og strandsvæðum, ekki einungis til leyfisveitinga vegna fiskeldis.

#### **Byggingarleyfi liggja fyrir áður en veitt er rekstrarleyfi**

Þar sem sjókvíar eru háðar byggingarleyfi leggur Skipulagsstofnun til að sagt verði berum orðum í 1. mgr. 27. gr. frumvarpsins að í umsókn skuli koma fram upplýsingar um hvort veitt hafi verið byggingarleyfi fyrir sjókví. Einnig að það verði sagt berum orðum í 2. mgr. 30. gr. frumvarpsins að skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis er að veitt hafi verið byggingarleyfi fyrir sjókví.

Skipulagsstofnun er reiðubúin að koma á fund atvinnuveganefndar, telji hún þörf á því.

Ottó Björgvin Óskarsson

lögfræðingur Skipulagsstofnunar

---

<sup>2</sup> <https://hms.is/frettir/tilkynning-um-breytta-stjornsyslufurframkvaemd-vegna-byggingarleyfisskyldra>



\* Rafræn skilríki



*Ottó Björgvin Óskarsson*

Ottó Björgvin Óskarsson  
Lögfræðingur, tæmi rekstrar og þjónusta

Undirskrift með **OneSign**